## Lýsing

Bústaðurinn er allur ofanjarðar og byggður í vinkil. Efri hluti hússins liggur þvert á lóðina eins og bústaðir á lóðum beggja vegna. Í þessum hluta eru dagleg íverurými, stofa, borðstofa og eldhús, en svefnálman stendur neðar í landinu og langsum, sjá afstöðumynd. Trjágróður felur þennan húshluta að mestu leyti.

Húshlið efri hluta sem snýr að vatninu er svo til eingöngu úr gleri. Þar fyrir framan er pallur úr timbri, sem gengur fyrir hornið við útigeymslu. Stórir glerfletir eru einnig í útveggjum svefnherbergja og stór útsýnisgluggi á norðurvegg stofu.

Húsið er létt grindarbygging, einangruð og klædd að utan með lóðréttum timburborðum og kopar. Þak er byggt upp á sama hátt, þ.e. sperrur með einangrun,en þar ofan á kemur vatnsþéttidúkur á borðaklæðningu og uppbygging undir gróið hraunhelluyfirborð. Þetta yfirborð ætti að hafa þau áhrif að þakflöturinn renni nánast saman við landið í kring þegar horft er ofan frá, t.d. frá Valhallarstíg. Brúnleitir útveggir miðast við að bústaðurinn hverfi enn frekar inn í litaflóru umhverfisins.

Þó húsið sé allt ofanjarðar er reynt að draga úr umfangi þess í landslaginu með því að skipta því í minni einingar sem tengjast innbyrðis. Með þessu er dregið úr stærðaráhrifum bústaðarins og niðurstaðan er tvö samstæð minni hús, frekar en ein stór yfirgnæfandi heild.

Á afstöðumynd er sýnt bílastæði fyrir tvo til þrjá bíla við vegkant, þar sem slíkt stæði hefði í för með sér minni röskun en stæði innan lóðar með tilheyrandi vegslóða.




Afstöðumynd 1:500
Lóðaruppdráttur gerður skv. uppmælingu á stað 28.07.2000
framkvæmd ST GP FZ

Afstöðumynd 1:5000
sbr. gögn frá Reyni Vilhjálmssyni
uppmæld lóð sýnd

Öll mál í millimetrum
Mælið ekki af teikningum
Misræmi í teikningum tilkynnist arkitektum strax
Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum ásamt viðeigandi teikningum og verklýsingum annarra hönnuða
© Studio Granda 490597 - 3289

| breyt | dags | teiknað | lýsing |
|---|---|---|---|

| | |
|---|---|
| verk | **RAUÐUKUSUNES** |
| verkkaupi | Kjartan Gunnarsson<br>Sigríður Snævarr |
| teikning | Afstöðumynd |
| m.k.v. | 1:500/<br>1:5000 |
| dags. | janúar 2001 |
| teiknað | ST |


Margrét Harðardóttir — arkitekt RIBA FAÍ 14 05 59 - 2459

Steve Christer — arkitekt RIBA FAÍ 08 03 60 - 3639

**STUDIO GRANDA**
Smiðjustígur 11b
Reykjavík
IS-101
Iceland
sími +(354) 562 2661
fax +(354) 552 6626
email studiogranda@studiogranda.is


| verk | teikn. | breyt |
|---|---|---|
| **98** | **1** | **.** |